



# Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

Apríl 2014

Við  
þökkum  
foreldrum,  
starfsfólki  
skólans  
og nemendum  
gott samstarf  
á starfsárinu.

Kveðja,  
stjórnin



**Stuttur aðalfundur og kaffispjall**

**Aðalfundur Foreldrafélags  
Sunnulækjarskóla verður haldinn  
þriðjudaginn  
20. maí 2014 kl. 17:00  
á kaffistofu kennara í  
Sunnulækjarskóla.**

**Foreldrar/forráðamenn tilvonandi 1. bekkinga eru  
sérstaklega boðnir velkomnir.**

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins**
- 2. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum**
- 3. Kosningar**
- 4. Aðalfundur ákveður upphæð árgjalds fyrir skólaárið  
2014-2015**
- 5. Önnur mál**

**Vonumst til að sjá sem flesta.  
Kveðja stjórnin**



Viltu hafa áhrif á skólasamfélagið? Tvö sæti laus í stjórn.

Foreldrasamfélagið í Sunnulækjarskóla samanstendur af u.þ.b. 600 foreldrum og forráðamönnum og eru allir kjörgengir í stjórn félagsins.

Fundir eru haldnir á um það bil tveggja mánaða fresti og starfið er létt og skemmtilegt.

Ef þið hafið áhuga eða viljið forvitnast um starfið endilega hafið samband. ffsunnulaekjarskola @ gmail.com eða við Lindu Björk s. 8675878



## 5. Fundur í stjórn foreldrafélags Sunnulækjarskóla haldin 29.apríl 2014

**Mætt: Linda, Aðalbjörg, Álfheiður, Ægir, Hanna Rut og Inga.**

1. Nýir meðlimir í stjórn, rætt hefur verið við nokkra aðila. Einhverjir aðilar eru áhugasamir. Áfram verður unnið að því að finna nýtt fólk í stað Lindu, Óskars og Ægis. Þurfum að auglýsa eftir fólki í fréttabréfi og á facebook.
2. Aðalfundur verður þriðjudaginn 20. maí kl: 17. Auglýsa þarf aðalfund með góðum, löglegum fyrirvara og senda á alla leikskólastjóra í Árborg. Mikilvægt að auglýsa mjög vel og hvetja tengla og aðra foreldrar til að mæta á fundinn.
3. Styrkur til 10. Bekkjar er enn ógreiddur því enn vantar upplýsingar um hvert á að greiða styrkinn. Aðalbjörg ætlar að fá upplýsingar um það hjá Birgi. Styrkurinn er vegna gæslu í frímínútum. Ráðgert er að finna tíma fyrir fund með deildarstjórum fyrir haustið. Rætt um þörfina á gæslu í frímínútum og hugsanlega stýrðari frímínútur
4. Árshátíðir nemenda aðeins ræddar. Sumum finnst þær heldur langar og eiga erfitt með að komast í langan tíma á vinnutíma. Rætt um hvort þetta eigi að vera ákveðið skipulag þar sem sumir bekkir eiga að vera seinnipart og aðrir á skólatíma. Tilvalið að ræða þetta á fundi með deildarstjórum.
5. Enn og aftur rætt um afmælisboð. Of oft kemur fyrir að sumum börnum er ekki boðið og lenda jafnvel í því að vera aldrei boðið. Mikilvægt að ef verið er að bjóða úr bekkjum að öllum sé boðið eða að öllum stelpum eða öllum stráku sé boðið. Halda þarf þessari umræðu á lofti áfram.

